

## Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og forsætisráðuneytis

við Háskólann á Bifröst

um undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, forsætisráðuneytið og Háskólinn á Bifröst gera með sér svohljóðandi samning um undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina (RSG) við Háskólann á Bifröst í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Samtök skapandi greina.

### 1. gr. Markmið

Markmið með samningi þessum er að undirbúa stofnun RSG og efla þannig fræðilegar og hagnýtar rannsóknir í þeim ört vaxandi atvinnuvegi sem skapandi greinar eru. Þannig verða gæðarannsóknir á þessu sviði eflar og tækifæri sköpuð fyrir alþjóðlegt rannsóknasamstarf og samanburð.

### 2. gr. Verkefni

Verkefni við undirbúning stofnunar RSG eru eftirfarandi:

- i. Þarfagreining og skilgreiningarvinna sem byggir á viðtölum við aðila að RSG, Hagstofu Íslands, háskóla sem vinna að rannsóknum í skapandi greinum og hagaðila svo sem samtök fyrirtækja og starfsstétta í skapandi greinum, Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga. Tengslanet og samtal hagaðila í rannsóknum verður eflt og notendaupplýsingar skilgreindar.
- ii. Kortlagning á stöðu skapandi greina á Íslandi sem byggir á stöðu okkar núna samanborið við kortlagningu á hagrænum áhrifum skapandi greina sem gerð var árið 2011. Fjármögnunartækifæri til aukinna rannsókna gegnum opinbera samkeppnissjóði, alþjóðlega rannsóknasjóði og einkaaðila verða hluti af slíkri kortlagningu.
- iii. Þróun mælaborðs og úrvinnslu gagna til að efla tölfræði í skapandi greinum. Unnið verður í nánú samstarfi RSG, Hagstofu Íslands, hagaðila og stjórnsýslu. Sérstök áhersla verður á að byggja upp GAGNÍS – gagnþjónustu í félagsvísindum á Íslandi - sem opin gagnagrunn til að þróa mælitölur og rannsóknagögn. Samstarfið og sérfræðipækkingin hjá GAGNÍS mun stuðla að markvissri uppbyggingu gagna á þessu sviði og þannig styðja

við skipulag og stjórnun gagnaöflunar og tryggja viðeigandi þjálfun starfsfólks. Horft verður til fyrirmýnda frá Norðurlöndum.

- iv. Alþjóðlegt rannsóknasamstarf. Grunnur verður lagður að norrænu og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Eftir verður til rannsóknáþings háskóla með það að markmiði að kortleggja innlendar og erlendar rannsóknir og efla alþjóðlegt samstarf. Liður í því verður norrænt málþing undir yfirskriftinni „Skapandi greinar á krossgötum“ sem fjalla mun gagnasöfnun og greiningu. Niðurstöður verða nýttar til að leggja grunn að formlegu norrænu samstarfi á þessu sviði og sem leiðarvísir í þarfagreiningu skapandi greina á Íslandi.

### 3. gr. Framkvæmd

Verkefnastjórnina skipa einn fulltrúi Háskólans á Bifröst, einn fulltrúi Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, einn fulltrúi Listaháskóla Íslands og tveir fulltrúar Samtaka skapandi greina. Háskólinn á Bifröst sér um að útvega aðstöðu fyrir starfseminu, ræður verkefnastjóra og tímabundna rannsakendur til að sinna þeim verkefnum sem samningur þessi tekur til. Stjórnin leggur línurnar fyrir nálgun og aðferðir og er ráðgefandi fyrir verkefnastjóra.

Háskólinn á Bifröst ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að undirbúningur að RSG fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði.

RSG skilar þarfagreiningu og tillögum um áherslur í innviðaupbyggingu um rannsóknir og mælingar á sviði skapandi greina eigi síðar en 1. mars 2022 og ítarlegri kortlagningu með yfirliti yfir forgangsstöðun verkefna fyrir 31. desember 2022.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti annast samskipti við Háskólann á Bifröst vegna samnings þessa.

### 4. gr. Fjármögnun

Framlag ríkisins til samnings þessa er 16 milljónir króna fyrir tímabilið 1. júlí 2021 – 31. desember 2022.

Framlag RSG á þessu tímabili er 17,3 milljónir í formi vinnu- og peningaframlags.

Kostnaðaryfirlit er eftirfarandi:


2

Kostnaðaryfirlit	Framlag ríkisins	Framlag RSG
Verkefnastjórn		5,000,000.00
Verkefnastjóri	9,000,000.00	1,000,000.00
Þarfagreining	3,000,000.00	
Kortlagning	4,000,000.00	
Þróun mælaborðs		5,000,000.00
Alþjóðlegt rannsóknasamstarf		4,500,000.00
Þróun náms í skapandi greinum		5,400,000.00
Umsýsla		2,400,000.00
<b>SAMTALS:</b>	<b>16,000,000.00</b>	<b>17,300,000.00</b>


5. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. júlí 2021 til 31. desember 2022.

Reykjanesbæ, 10. ágúst 2021

  
Forsætisráðherra

  
Mennta- og menningarmálaráðherra

  
Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

  
Háskólinn á Bifröst